



Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Smiðju, Tjarnargötu 9
101 Reykjavík
sent á umsagnargátt Alþingis

Reykjavík, 30. apríl 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og lögum um sorgarleyfi (stuðningur við kjarasamninga), 910. mál

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvupósts velferðarnefndar frá 16. apríl þar sem óskað var umsagnar samtakanna um ofangreint mál.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og lögum um sorgarleyfi og eru breytingarnar hluti af stuðningi ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna langtímakjarasamninga á vinnumarkaði. Markmið aðila vinnumarkaðarins í lok árs 2023 var að taka höndum saman um gerð langtímasamninga sem auka myndu fyrirsjáanleika og stöðugleika í efnahagslífinu. Þannig voru samningsaðilar sammála um að eitt mikilvægasta verkefnið í komandi kjaraviðræðum væri að ná niður mikilli verðbólgu og háu vaxtastigi sem komið hefur hart niður á bæði fyrirtækjum og heimilum. Áhersla var lögð á að allir legðust á eitt og að enginn gæti skorast undan ábyrgð. Hluti af ábyrgð yfirvalda þegar kemur að því að ná framangreindum markmiðum felst í því að sýna aðhald í opinberum rekstri til að styðja við markmið peningastefnunnar. Að öðrum kosti mun vaxtastig þurfa að vera hærra en ella.

Í greinargerð fyrirliggjandi frumvarps er vísað til 54. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof og sambærilegs ákvæðis í lögum um sorgarleyfi þar sem kveðið er á um árlega endurskoðun fjárhæða í lögnum með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Gert er ráð fyrir að breyting á hámarksgreiðslum úr Fæðingarorlofssjóði til foreldra barna sem fæðast, eru frumættleidd eða tekin í varanlegt fóstur annars vegar á árinu 2025 og hins vegar á árinu 2026 verði gerð með reglugerð á grundvelli 54. gr. laganna. Jafnframt er gert ráð fyrir breytingum á hámarksgreiðslum á grundvelli laga um sorgarleyfi með reglugerð á grundvelli 33. gr. laganna.

Í stuðningsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna nýundirritaðra kjarasamninga kemur fram að hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hækki frá og með 1. apríl 2024 í 700.000 kr. á mánuði, frá og með 1. janúar 2025 í 800.000 kr. og frá og með 1. janúar 2026 í 900.000 kr. Líkt og áður segir vísar ákvæði 54. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, sbr. 33. gr. laga um sorgarleyfi, til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Hækkanir skv. fyrrgreindri yfirlýsingu eru langt umfram þau viðmið. SA gera athugasemdir við þá aðferðafræði að vísa í fyrrgreind ákvæði til stuðnings áformuðum hækkunum. Samtökin telja eðlilegra að fjárhæðir fyrir árin 2025 og 2026 verði lögfestar og vísað til þess að þær komi í stað árlegrar endurskoðunar skv. áðurgreindum ákvæðum.



Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún B. Gísladóttir

Heiðrún Björk Gísladóttir